

REGLUGERÐ

fyrir Veitustofnanir Hveragerðis.

1. KAFLI ALMENNT

1. gr.

Skilgreining.

Veitustofnanir Hveragerðis, skammstafað VSH, eru fyrirtæki sem Hveragerðisbær á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur VSH er að annast á orkuveitusvæði sínu um öflun, dreifingu og sölu á raforku, heitu vatni og jarðgufu, svo og aðra starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði og einkaréttur.

Veitusvæði VSH til dreifingar raforku, heitu vatni og jarðgufu er allt svæðið innan bæjarmarka Hveragerðisbæjar. VSH hafa einkarétt til dreifingar og sölu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði sínu.

2. KAFLI.

STJÓRN OG REKSTUR.

4. gr.

Yfirstjórn.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn VSH en framkvæmdastjórn VSH skal falin stjórn veitustofnana ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Veitustjórn.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil veitustjórnar er 4 ár og líkur samtímis kjörtímabili bæjarstjórnar. Bæjarstjórn velur formann en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Geti stjórnarmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn, eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

6. gr.

Ákvörðunartaka.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra, hafi átt þess kost að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk stjórnar er:

- a) Að hafa eftirlit með því að skipulag og starfsemi VSH sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- b) Að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.

- c) Að semja árlega drög að þriggja ára áætlun, um rekstur, framkvæmdir og fjármál veitna fyrir bæjarstjórn.
- d) Að semja gjaldskrá fyrir VSH og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
- e) Að ákveða framkvæmdir á orkuveitusvæði VSH í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- f) Að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu.
- g) Að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir.
- h) Að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf er á og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra VSH að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri skal m.a.:

- a) Annast allan daglegan rekstur í samræmi við stefnu og fyrirmæli sem stjórnin setur fram.
- b) Sitja fundi stjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurét.
- c) Gera tillögur til stjórnar um lausn verkefna skv. 7. gr.
- d) Undirbúa fundi í samráði við formann stjórnar. Hann skal boða til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

9. gr.

Starfsmannahald.

VSH og Hveragerðisbær hafa sameiginlegt skrifstofu- og starfsmannahald skv. sérstökum samningi.

10. gr.

Reikningshald.

VSH skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og aðgreint reikningshald. Reikningsár VSH er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar þeirra fylgja reikningum bæjarfélagsins.

Tekjum VSH skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingum þannig að öruggur rekstur VSH sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum þeirra. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

3. KAFLI.

GJALDSKRÁ OG INNHEIMTA.

11. gr.

Gjaldskrá.

a) Almenn.

Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, jarðgufu, heimaugar/heimæðar, um gjalddaga, eindaga og innheimtu gjalda, viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjalddökunni við. Skal gjaldskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Skal fyrirtækinu þannig vera kleift með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum að tryggja viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjarstjórnar skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið, til staðfestingar og skal hún birt í B- deild Stjórnartíðinda.

Viðskiptavinir VSH skulu greiða VSH orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

b) Áætlun, álestur og uppgjör raforku.

VSH mega grundvallarraforkureikninga á áætlun um raforkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun þar sem orkunotkuninni er jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri raforkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega raforkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar raforkunotkun hefur verið sannreynð skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið á milli álestra.

Sérhverjum viðskiptavini VSH er heimilt að skila inn á skrifstofu VSH eigin álestri á því tímabili sem áætlun um raforkunotkun er viðhöfð. Skal hann greiða samkvæmt þeim álestri. Viðskiptavinur VSH getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjör miðað við sannreynnda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

c) Áætlun, álestur og uppgjör fyrir heitt vatn og jarðgufu.

Vegna vandkvæða við að mæla orkuinnihald þess heita vatns og jarðgufu, sem VSH láta notendum sínum í té til hitunar, er VSH heimilt, meðan viðunandi aðferðir til slíkra mælinga hafa ekki verið þróaðar, að innheimta gjald fyrir heitt vatn og jarðgufu í réttu hlutfalli við flatarmál samþykks húsnæðis, sem áformað er að hita með þeim hætti að uppfylltum þeim skilyrðum sem að neðan greinir.

Fyrir þetta gjald láta VSH notanda í té heitt vatn eða blöndu af vatni og jarðgufu, sem nægir til að mæta aflþörf til hitunar húsrýmis sem hér segir:

Fyrir íbúðar-, þjónustu-, verslunar-, og iðnaðarhúsnæði	75 W/m ²
Fyrir gróðurhús	220 W/m ²

Óski notandi eftir meira afli en að ofan greinir láta VSH honum það í té ef það er unnt án umtalsverðs viðbótarkostnaðar fyrir þær. VSH er þá heimilt að krefja notanda um gjald sem er hlutfallslega hærra en samkvæmt gjaldskrá hverju sinni sem nemur afli því er hann óskar eftir í hlutfalli við ofangreindar afltölur. Leiði slíkt umframafli til umtalsverðs aukakostnaðar fyrir VSH er þeim heimilt að synja um það nema notandi greiði sjálfur aukakostnaðinn. Kjósi hann að gera það greiðir hann hlutfallslega hærra fermetragjald eins og að ofan greinir.

Ofangreindar afltölur miðast við að 3,3 m³ brúttó komi á hvern m² gólfflatar. Sýni notandi VSH fram á það, svo óyggjandi sé, að annar rúmmetrafjöldi komi á hvern fermetra hjá honum skal leiðrétta fermetragjaldið samkvæmt gjaldskrá hverju sinni í réttu hlutfalli við þann rúmmetrafjölda í hlutfalli við 3,3. Skylda VSH til að sjá notanda fyrir afli til hitunar breytist í sama hlutfalli frá ofangreindum afltölum eða þeim hærri afltölum sem notandi kann að hafa samið um við VSH.

d) Reikningar, gjalddagi og vextir.

Orkureikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir orkukaupanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

Inneignarvextir skulu greiddir ef notkun orkukaupanda reynist minni en áætlað var. Skulu þeir greiddir fyrir reikningstímabil sem tilgreint er á reikningi. Vanskilavextir (dráttarvextir) skulu innheimtir vegna skuldar orkukaupanda; skulu þeir reiknaðir frá eindaga sem tilgreindur er á reikningi.

12. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.*a) Lokunaraðvörðun.*

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, mega VSH stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri aðvörðun sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara.

b) Innheimtuaðgerðir.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila VSH sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar orkuafhendingar og vanskil á álestrarreikningum. VSH bera ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Ekki má þó loka fyrir rafveitu vegna vanskila við hitaveitu og öfugt.

c) Greiðsluskylda á lokunartíma.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við VSH né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

VSH hafa rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

d) Stöðvun orkuafhendingar.

VSH mega stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. VSH er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda séu ekki liðnar meira en þrjár vikur frá viðvörðun um hana.

e) Opnun lokaðrar húsveitu.

Verði lokað fyrir húsveitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opnað aftur, nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

f) Óleyfileg tenging húsveitu.

Enginn má rjúfa straum né endurtengja húsveitu nema þeir sem VSH hafa veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu mega VSH rjúfa fyrirvaralaust.

4. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI UM TENGINGU HÚSVEITNA.

13. gr.

Eigandi/notandi húsveitu.

Húsveita er sjálfstæð veita sem tengd er við veitukerfi VSH. Eigandi húsveitu, sem tengist veitukerfi VSH, nefnist húseigandi. Kaupandi raforku, heits vatns eða jarðgufu, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

14. gr.

Umsókn um heimtaug/heimæð.*a) Heimtaug/heimæð.*

Heimtaug er rafmagnsstrengur, sem liggur frá götuskáp eða frá múffutengingu að mælitæki húsveitu. Heimæð er heitavatnslögn eða jarðgufulögn, sem liggur frá dreifikerfi VSH að aðeins einu inntaki.

b) Skuldbinding húseiganda.

Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá VSH og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá VSH. VSH geta krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tæknipækkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inn-takstað heimtaugar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk. Við ákvörðun heimtaugargjalds skal gera ráð fyrir að ídráttarrör sé fyrir hendi.

c) Óvenjulegar aðstæður.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

d) Lágmarksgjald.

VSH er heimilt að krefjast lágmarksgjalds (fastagjalds), sé lokað fyrir húsveitu um lengri eða skemmri tíma.

e) Frosin jörð.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

15. gr.

Mælitæki.*a) Uppsetning mælitækja.*

VSH setja upp nauðsynleg mælitæki og ákveða fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis VSH. VSH geta krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati framkvæmdastjóra.

b) Notandi.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er sett við. Notandi mælitækis skal bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun þar til hann lætur af notkun veitunnar og tilkynnir VSH um það.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

c) Notendaskipti.

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til VSH, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi

skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrir en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til VSH um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) Viðhald.

VSH annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) Mælaleiga.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá VSH á hverjum tíma.

g) Prófun mælitækis.

Oski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja $\pm 5\%$ eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

VSH hafa heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.

Ef fram kemur við prófun, sem VSH framkvæma, að mælitækið hafi mælt 5 % of lítið eða þaðan af minna skal notandi greiða það sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5 % of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

VSH geta ekki krafist viðbótargreiðslu vegna mæliskekkju fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) Véfenging á niðurstöðum prófunar.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) Notkun vegna galla á veitu.

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum notanda, er VSH ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) Leiðrétting á reikningsfjárhæð.

Ef álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð hefur verið skakkur skal leiðrétta þessa skekkju undir eins og vítað er um hana allt að fjögur ár aftur í tímann.

l) Óleyfileg notkun.

Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram, skulu VSH áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana eftir gildandi gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli- eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni er.

16. gr.

Innsigli.

a) Innsíglun mælitækja, o.fl.

Starfsmenn VSH hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, bakrennslisloka, hemla, framhjáhlaup bakrennslis o.þ.h. Einnig mega starfsmenn VSH innsigla hluta húsveitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn VSH. Önnur innsigli VSH mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi VSH hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna VSH skriflega um málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna VSH slíkt án tafar.

b) Óleyfilegar tengingar.

Verði settar óleyfilegar tengingar eða gerðar breytingar á húsveitu eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi húsveitu og tækja, skal farið með það sem galla á húsveitu og heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með húsveitunni hefur í för með sér. Framkvæmdastjóri getur látið taka húsveitu eða tæki úr sambandi, meðan galli er á henni eða tækjunum, þar til bætt hefur verið úr.

17. gr.

Eftirlit.

a) Aðgangsréttur VSH.

Starfsmenn VSH eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

1. til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t neyslutæki
2. til athugunar á bakrennslisgrindum, mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá
3. til álestrar á mælitæki
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum VSH.

b) Tengiskilyrði.

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

5. KAFLI.

TENGING HÚSVEITNA VIÐ DREIFIKERFI RAFVEITU.

18. gr.

Rafverktakaleyfi.

a) Öflun leyfis.

Framkvæmdastjóri eða rafverktakaleyfisnefnd veitir þeim rafverktakaleyfi sem fullnægja skilyrðum og skilmálum rafverktakaleyfisnefndar og gildandi sérskilmálum VSH.

b) Heimild til vinnu við raforkuvirki.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka skv. auglýsingu nr. 441/1988 og/eða VSH, ef þær taka slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að

ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) Upplýsingaskylda.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita VSH upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

19. gr.

Úttekt.

a) Úttekt og skoðun.

VSH annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og skv. beiðni eða að eigin frumkvæði. VSH geta gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem VSH inna af hendi við úttekt raflagna, skoðunar- aðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) Spennusetning.

Engir aðrir en umboðsmenn VSH mega setja spennu á húsveitu eða hluta af húsveitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Verði út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á húsveituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) Ábyrgð.

VSH taka ekki á sig ábyrgð á húsveitu með úttekt eða tengingum.

20. gr.

Húsveitur.

a) Kröfur til húsveitna.

Sérhver húsveita að meðöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og byggingarreglugerð. Þær húsveitur teljast óleyfilegar, sem ekki fullnægja þessum kröfum. Efni í húsveitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum. Telji stjórn VSH nauðsynlegt að útbúnar séu sértakar tæknireglur fyrir VSH þá skulu þær hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins áður en þær taka gildi.

b) Stofntaugar.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

c) Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.

Verði um mikla aukningu á orku- og/eða aflnotkun húsveitu að ræða og VSH þurfa, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að leggja nýja háspennustrengi og/eða auka afl spennistöðvar um þriðjung eða meira er framkvæmdastjóra heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í þeim kostnaði að hluta eða að öllu leyti enda skulu VSH og umsækjandi gera með sér samning þar um áður en framkvæmdir hefjast.

d) Eigandi heimtaugar.

Heimtaugar með stofnvári eru eign VSH, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

e) Breyting á heimtaug.

VSH annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð, þá skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

f) Vélar og tæki.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig uppsett og útbúin að þau valdi ekki truflun á raforkunotkun annarra. Misbrest á þessu eða aðra galla á húsveitu eða tækjum skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra. Komi í ljós við skoðun húsveitu, af hálfu VSH, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli sé á veitu eða tækjum, er eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við slíkt.

6. KAFLI

TENING HÚSVEITNA VIÐ DREIFIKERFI HITAVEITU.

21. gr.

Umsóknir og áhleypling.*a) Ástand og dreifing hitaveituvatnsins.*

VSH dreifa hitaorku með tvennum hætti til viðskiptavina sinna. Annars vegar dreifa VSH heitu vatni með hitastigi allt að 90 gráður á celsius. Hins vegar dreifa VSH jarðgufu með hitastigi allt að 175 gráður á celsius. Afstaða húsa gagnvart veitukerfinu ræður því hvort viðkomandi hús tengjast heitavatnsdreifikerfinu eða jarðgufudreifikerfinu.

b) Umsókn um orkukaup.

Aður en hafist er handa um lög्न nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til VSH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa VSH lætur í té.

Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningarmeistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða, grunnmynd og útlit kyndiklefa, kyndiskáps eða kyndibrunns. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á upprætti.

c) Tenging húsveitu.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til VSH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningarmeistari skal skila til VSH vottorði um úttekt byggingarfulltrúa á lagnakerfi hússins og sækja um áhleyplingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn VSH mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi VSH í heimildarleysi, geta VSH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

d) Heimæðarlögn og inntak.

VSH er heimilt að leggja heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg húss í inntaksklefa, inntaksskáp eða inntaksbrunn þar sem nauðsynlegt rými er fyrir bakrennslisgrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfali í gólfi, ljós og góð loftræsting og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum VSH. VSH leggja til og eiga hitaveituinntak ásamt bakrennslisgrind. Frágangur hitaveituinntaks og bakrennslisgrindar skal vera í samræmi við tengimynd gerða af Verkfræðistofu Suðurlands dags. 1. júní 1992.

e) Inntaksop.

Inntaksop í sökkli skal vera minnst 50 sm að hæð og 40 sm að breidd og fjarlægð frá efri brún grunnplötu að opi skal vera 30 sm.

Inntaksop í gólfi við útvegg skal minnst vera 50 sm x 50 sm.

f) Inntaksklefi.

Inntaksklefi skal vera minnst 2,0 m² að stærð. Utangengt sé í hann og örugg rakavörn í veggjum og lofti. Ekki má vera innangengt í inntaksklefa úr íbúð eða bílskúr þar sem kynnt er með jarðgufu. Ekki má nota inntaksklefa sem geymslu.

g) Inntaksklefi í bílskúr.

Leyfilegt er að hitaveituinntak sé í bílskúr. Sé bílskúrin sambyggður íbúð skal inntakið vera í sérstökum inntaksklefa sbr. f. lið þessarar greinar.

h) Inntaksskápur.

Leyfilegt er að hitaveituinntak sé í sérstökum inntaksskáp sem byggður er utan við útvegg húss. Inntaksskápur skal a.m.k. vera 90 sm djúpur, 150 sm breiður og 190 sm hár. Skápurinn má ekki vera niðurgrafinn að neinu leyti. Framhlið inntaksskáps skal vera sem næst öll opnanleg.

i) Inntaksbrunnur.

Leyfilegt er að hitaveituinntak sé í sérstökum inntaksbrunni sem byggður er utan við útvegg húss. Inntaksbrunnur sé a.m.k. 2,3 m² að grunnfleti og 180 sm hár að innanmáli. Loft skal vera einangrað og þrep skulu vera niður í brunninn. Mannop skal vera a.m.k. 60 sm á kant eða a.m.k. 70 sm í þvermál. Í inntaksbrunni skal vera ljós og góð loftræsting. Gólfniðurfall skal vera í inntaksbrunni og lagt í grjótpúkk eða á annan viðurkenndan máta.

j) Varmaskiptar.

Vegna útfellinga og hás hitastigs heitavatnsins eða jarðgufunnar er óheimilt að tengja hitaveitu beint við hitakerfi húsa annarra en gróðurhúsa og skal því vera varmaskiptir í hverju húsi. Í sérhverju hitakerfi má aðeins vera einn varmaskiptir sem tengdur er dreifikerfi hitaveitunnar. Aðrir varmaskiptar skulu vera tengdir eins og ofnar á miðstöðvarlögn. Húseigandi á varmaskiptinn sem tengdur er dreifikerfi hitaveitunnar og sér um viðhald á honum. VSH taka hvorki þátt í stofnkostnaði, viðhaldi né endurnýjun varmaskiptis sökum útfellinga, hás hitastigs eða tæringar af völdum efnainnihalds heitavatnsins eða jarðgufunnar.

k) Bakrennsli.

Ætíð skal leggja tvær pípur (önnur til vara), minnst 32 mm að þvermáli, frá varmaskipti út fyrir útvegg að regnvatnslögn úr steini.

l) Vatnslásar við þakrennuniðurföll.

Vatnslásar eða einn sameiginlegur vatnslás skulu vera við öll þakrennuniðurföll vegna hættu á tæringu á þakjárn, þakrennum og þakniðurföllum sökum efnainnihalds heitavatnsins eða jarðgufunnar. VSH bera ekki ábyrgð á slíkri tæringu.

22. gr.

Teikningar.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og lofræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, pípulagningarmeistara eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar VSH, svo og aðrar reglur og lög sem gilda um byggingarmál.

Bæjarstjórn getur falið VSH umsjón og eftirlit allra mála sem snerta hitalagnir.

23. gr.

Eftirlit.

VSH skulu hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/kaupanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, geta VSH stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

24. gr.

Skuldbindingar húseiganda.

Húseigandi/kaupandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu VSH.

Húseiganda/kaupanda ber að tilkynna tafarlaust til VSH ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/kaupandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar í eigu VSH, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

7. KAFLI.

SKILMÁLAR FYRIR RAFORKUSÖLU.

25. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá VSH.

26. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við rafveitukerfi VSH.

27. gr.

Raforkusala.*a) Skilmálar um raforkusölu.*

VSH selja raforku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði þeirra og gjaldskrá á hverjum tíma.

b) Umsókn um raforkukaup.

VSH geta krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sækji um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð.

c) Takmörkuð flutningsgeta.

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður framkvæmdastjóri nánari skilmála t.d. á hvaða tímum sólarhringsins nota megi umbeðið afl.

d) Takmörkun sölu vegna rafhitunar.

VSH geta takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) Sérstök spennistöð.

Telji VSH nauðsynlegt að komið verði fyrir spennistöð á lóð í því skyni að umbeðin raforkusala geti farið þar fram, skal VSH látinn í té lóðarflötur eða húsnaði fyrir spennistöð og lóðarflötur eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Um þetta verði gerður sérstakur samningur milli VSH og lóðarhafa.

VSH er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi fasteign.

f) Spennubreyting.

Oski VSH eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlíta því. Stjórn VSH ásamt framkvæmdastjóra setja nánari reglur um framkvæmd.

Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og VSH samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) Endursala á raforku.

Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af VSH, er óheimil án leyfis VSH.

28. gr.

Rekstrartruflanir.

a) Almenn.

Stöðvun á rekstri, eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur VSH en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein c) liðar þessarar greinar.

VSH bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) Réttur til rofs.

VSH áskilja sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar er VSH heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) Takmörkun á orkuafhendingu.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveða VSH hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur VSH þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflgjald skv. taxta B.1 í gjaldskrá, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

29. gr.

Samningsbundinn taxti.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta VSH er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur framkvæmdastjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxta, skal umsókn um það send VSH með eins mánaðar fyrirvara.

VSH áskilja sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

8. KAFLI.

SKILMÁLAR FYRIR SÖLU Á HEITU VATNI OG JARÐGUFU.

30. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eða jarðgufu eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá VSH.

31. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni eða jarðgufu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi VSH.

32. gr.

Rekstrartruflanir.

VSH bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitnanna.

Purfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveða VSH hvar og hvornig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

33. gr.

Mæling.

a) *Mælar.*

VSH ákveða stærð og gerð mæla sem notaðir eru í mælagrind, hvort sem um er að ræða nýja mælagrind eða við endurnýjun búnaðar í mælagrind.

b) *Takmörkun afhendingar.*

Kaupendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en VSH er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins svo fljótt sem við verður komið.

VSH er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hitastigi.

34. gr.

Sérstakir sölusamningar.

VSH er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis.

35. gr.

Bakrennsli.

a) Hitastig bakrennslis.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegn um varmaskipti húss eða hitunarkerfi gróðurhúss má ekki vera heitara en 45 gráður á celsíus.

b) Bakrennslislokar.

VSH leggja til bakrennslisloka á bakrennsli hitaveitunnar. Lokanum er ætlað að tryggja þá varmanýtingu sem krafist er í a) lið þessarar greinar. Lokinn skal vera staðsettur við varmaskipti. Húseigandi skal sjá um að lögn aftan við lokann sé þannig gerð að vatn standi ætíð að lokanum. Starfsmenn VSH innsigla lokann í ákveðinni stillingu og mega engir aðrir en starfsmenn VSH breyta stillingu lokans.

c) Framhjáhlaup í bakrennslisgrind gróðurhúsa.

Í bakrennslisgrind hitaveitunnar í gróðurhúsum, sem VSH leggja til og eiga, er framhjáhlaup, sem er innsiglað af starfsmönnum VSH. Ef skjótra aðgerða er þörf má rjúfa innsiglið og opna fyrir framhjáhlaupið sbr. a) lið, aðra málsgrein 16. greinar.

d) Nýting bakrennslis.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign VSH. Stjórn VSH getur heimilað notkun þess með sérstökum reglum þar um s.s. til upphitunar í gróðurhúsum, heitum pottum og öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum VSH. VSH geta afturkallað slík leyfi.

e) Óheimil tenging.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengnu samþykki VSH.

36. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns og jarðgufu. VSH skulu gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar VSH. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skulu VSH tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

37. gr.

Óheimil endursala.

Kaupendum er óheimil endursala hitaorkunnar án samþykkis VSH.

38. gr.

Lagnir veitukerfis.

VSH láta leggja og eiga allar lagnir veitukerfisins að meðtöldum heimæðum inn fyrir húsveggi ásamt inntakslökum, inntakssíum og „úunionum“ við inntakssíur. VSH eiga einnig mælagrindur ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald þeirra.

39. gr.

Tenging húsveitu.

VSH annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu kaupanda. Við slíka framkvæmd skulu VSH halda raski í lágmarki og ganga þrífalega um. Jafnframt skulu VSH færa allt til fyrra hofs eins og við verður komið.

VSH ákveða staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

40. gr.

Skipting kostnaðar.

VSH kosta lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir stofn- og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

41. gr.

Breytingar.

Húseigandi/notandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við VSH.

Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi VSH.

42. gr.

Eftirlit.

VSH hafa rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi þeirra liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak hitaveitu (í öðrum húsum en gróðurhúsum) er ekki á sama stað og varmaskiptir og mælagrind, skal lögn þar á milli vera einangruð, óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna.

9. KAFLI.**ÝMIS ÁKVÆÐI.**

43. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og verðskrá settri skv. henni má innheimta með fjárnámi.

44. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við að lögum.

45. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl

1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Veitustofnanir Hveragerðis nr. 452, 14. desember 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hveragerðis.

A-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitistöxtum, heimauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-HLUTA sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Raforkugjöld.

2.1 Almenn raforkunotkun

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, orkugjald og fast gjald:

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mældu orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

Hjá notendum á almennum taxta er að jafnaði lesið á mæla tvisvar sinnum á ári.

A.1 Almenn notkun

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

A.2 Skammtímanotkun

Taxti A.2 gildir fyrir rafmagn til skammtímanotkunar svo sem til mannvirkja-gerðar.

A.3 Heimilisnotkun

Taxti A.3 gildir fyrir rafmagn til allrar heimilisnotkunar.

2.2 Afl- og orkunotkun

Afltaxtar eru tveir, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu og taxti B.2 fyrir útilýsingu.